

Þýska 1

2 stundir á viku í 9 vikur

Þessi valgrein er í boði fyrir nemendur í 8.-10. bekk. Námskeiðið er ætlað fyrir þá sem hafa ekki lært þýsku áður.

Kennari: Berglind Jack

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- Öðlist færni í grunnorðaforða þýsku.
- Geti sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.
- Geti flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eiginn texta.
- Geti lesið og skilið stuttan texta með grunnorðaforða daglegs lífs.
- Kynnist nokkrum hefðum og venjum í þýskalandi og Austurríki.

Inntak námsefnis, bækur og gögn

- Efni frá kennara og af netinu.
- Tónlist og kvikmynd/þættir á þýsku.

Vinnuaðferðir

Mikið er lagt upp úr vinnu í tímum. Áhersla á leiki, hlustun, talæfingar og einfalda verkefnavinnu. Horfum á kvikmynd/þætti og hlustum á þýska tónlist



Námsmat

Vinnusemi í tímum 25%

Einstaklings- og hópaverkefni 25%

Munnlegt próf 50%